



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

**Lokaverkefni til B.S. – gráðu í viðskiptalögfræði
Haust 2011**

**Styrkir ný regla í 95. gr.a. í lögum nr. 2/1995 um
hlutafélög, þá minnihlutavernd sem var til staðar?**

Höfundur: Ragna S. Ragnarsdóttir

Leiðbeinandi: Atli Björn Þorbjörnsson hdl. LL.M.





Staðfesting lokaverkefnis
til B.S.- gráðu í viðskiptalögfræði
við Háskólann á Bifröst

Lokaverkefnið:

**Styrkir ný regla í 95. gr. a. í lögum nr. 2/1995 um hlutafélög,
þá minnihlutavernd sem var til staðar?**

Eftir:

Ragna S. Ragnarsóttir kt. 2402663859

Verkefnið hefur verið metið samkvæmt reglum og kröfum

Háskólans á Bifröst

og hefur hlotið lokaeinkunnina:_____

Bifröst:_____

Deildarforseti

Leiðbeinandi



Lokaverkefni til B.S.- gráðu í viðskiptalögfræði

við Háskólann á Bifröst

Haut 2011

Styrkir ný regla í 95. gr. a. í lögum nr. 2/1995 um hlutafélög,
þá minnihlutavernd sem var til staðar?

Höfundur: Ragna S. Ragnarsdóttir

Leiðbeinandi: Atli Björn Þorbjörnsson hdl. LLM.



Ágrip

Í lokaverkefni þessu er til skoðunar nýlegt ákvæði sem sett var inn til styrktar minnihlutavernd í lögum nr. 2/1995, um hlutafélög. Kom það inn með lögum nr. 68/2010, um breytingu á lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög og lögum um ársreikninga (minnihlutavernd o.fl.) í framhaldi af skýrslu Lagastofnunar Háskóla Íslands, um minnihlutavernd í hlutafélögum og einkahlutafélögum samanborin við norræna löggjöf.

Í ritgerðinni er fyrst farið almennt yfir hvað sé minnihlutavernd og það að meginreglan í hlutafélagalögum sé að meirihlutinn ráði úrslitum mála. Næst er skoðuð meginregla minnihlutaverndar þ.e. 95. gr. og í beinu framhaldi skoðað ákvæði 95. gr. a. sem er nýjasta ákvæðið til verndar minnihlutanum. Þá er farið yfir stjórn og ábyrgð í hlutafélögum. Síðan eru skoðaðar greinar í norsku hlutafélagalögum nr. 45/1997, og loks er lagt mat á það hvort grein 95. a. í lögum nr. 2/1995 um hlutafélög styrki þá minnihlutavernd sem var til staðar.



Formáli

Lokaverkefni þetta er 8 ECTS eininga ritgerð til B.S.- gráðu í viðskiptalögfræði við lagadeild Háskólans á Bifröst. Undirrituð vil þakka eftirtöldum aðilum fyrir þeirra aðstoð við gerð ritgerðarinnar:

Sérstakar þakkir fær Atli Björn Þorbjörnsson hdl. LLM sem var leiðbeinandi minn við þetta verkefni, fyrir fagmannlega og góða leiðsögn. Bragi Rúnar Axelsson hdl. fær þakkir fyrir uppbyggilega gagnrýni og ábendingar, Andrea Jóhannsdóttir bókasafnsfræðingur fyrir aðstoð á bókasafninu á Bifröst og Grímur Sæmundsson ráðgjafi, fyrir aðstoð með þýðingar úr norsku.

Bifröst, 13. desember 2011

Ragna S. Ragnarsdóttir



Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| 1. Inngangur | 1 |
| 2. Minnihlutavernd | 2 |
| 3. Af hverju minnihlutavernd? | 3 |
| 4. Meginreglan um minnihlutavernd | 4 |
| 5. Styrking minnihlutaverndar | 5 |
| 5.1 Ákvæði 95. gr. a..... | 6 |
| 6. Stjórn og ábyrgð í hlutafélögum | 10 |
| 6.1. Skylda stjórnar í hlutafélagi..... | 10 |
| 6.2 Gagnsæistilskipunin | 13 |
| 6.3 Skylda framkvæmdastjóra í hlutafélagi..... | 15 |
| 6.4 Skaðabótaábyrgð samkvæmt hfl. | 16 |
| 7. Norsk lög um hlutafélög nr. 45/1997 (allmennaksjeloven) | 19 |
| 7.1 Skaðabótaábyrgð í norsku hfl. | 21 |
| 8. Niðurstöður..... | 22 |
| 9. Lokaorð | 23 |
| 10. Heimildaskrá | 25 |
| 11. Lagaskrá | 26 |
| 12. Dómaskrá | 26 |



1. Inngangur

Meginreglu minnihlutaverndar er að finna í 95. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög¹ og í 70. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög.² Segir í þeim ákvæðum, að hluthafafundur megi ekki taka ákvörðun sem sé til þess fallin, að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins. Á það sama við um félagsstjórn, framkvæmdastjóra og aðra þá sem koma fram fyrir hönd félagsins sbr. 76. gr. hfl.³

Margt hefur verið skrifað og sagt í kjölfar hrunsins á íslensku bönkunum haustið 2008. Hefur m.a. verið sagt frá rannsóknum sem sýnt hafi fram á það, að þar sem minnihlutavernd og eftirliti sé ábótavant, þar sé um að ræða óeðlilegar lánveitingar til eigenda banka. Voru þessar rannsóknir gerðar í Mexico, Taílandi og Rússlandi.⁴ Á Íslandi kom í ljós við rannsóknir á hruninu, að fyrir það, hefðu stærstu lántakendurnir í bönkunum sem voru þá, og eru enn, reknir með hlutafélagiformi, verið eigendur bankanna. Gæti það bent til þess, að aðgengi þeirra að lánsfé í bönkum hafi verið gott. Lýsti það sér þannig, að stór hluti útlánasafns bankans var til þeirra sem áttu afkomu sína að rekja til reksturs viðkomandi banka. Var því mikilvægt fyrir þá, að bankinn bærisk vel. En hvað varðar óeðlilega fyrirgreiðslu til eigenda og stærri hluthafa, þá hefur sk. Basel nefnd Alþjóðagreiðslubankans varað við því, að bankar eigi til að meta greiðslugetu lántakanda á annan hátt, ef um er að ræða lykिलhluthafa eða stjórnarmann í bankanum.⁵

Með frumvarpi til laga nr. 68/2010 um breytingu á lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög og lögum um ársreikninga (minnihlutavernd ofl.) voru lagðar til nokkrar breytingar, sem miðuðu að því að auka vernd minni hluthafa. Byggðist frumvarpið á skýrslu um vernd minnihluthafa í hlutafélögum og einkahlutafélögum, sem Lagastofnun Háskóla Íslands samdi að beiðni viðskiptaráðherra. Var tilgangur frumvarpsins fyrst og fremst sá, að styrkja vernd minnihluthafa í hlutafélögum og einkahlutafélögum, og taka á því hvernig bregðast mætti við aukinni samþjöppun í íslensku viðskiptalífi og tryggja skilvirkni þess og traust.

¹ Hér eftir nefnt hfl.

² Hér eftir nefnt ehfl.

³ sbr. 51. gr. ehfl.

⁴ Rannsóknarnefnd Alþingis. (2. bindi). (2010). Bls. 171

⁵ Rannsóknarnefnd Alþingis. (2. Bindi). (2010). Bls. 171



Kom í þessu frumvarpi fram ný grein 95. a.⁶ þar sem lagt er til að samþykki hluthafafundar þurfi til að binda félag, þegar gerður er samningur sem er að raunvirði meira en 1/10 hlutafjár og er gerður á milli félagsins og ýmissa fyrirsvarsmanna þess og tengdra aðila. Sbr. 1. – 4. tl. 4. mgr. 95. gr. a. hfl. Er í greininni tekið fram, að hún eigi ekki við um samninga sem gerðir eru í tengslum við eðlilegan rekstur félagsins sbr. 4. tl. 1. mgr. 95. gr. a.

Var þetta ákvæði m.a sett inn í hfl. vegna **Hrd. 28/2009** þar sem ágreiningur reis varðandi sölu og kaup Glitnis á eigin bréfum og **Hrd. 350/2009** þar sem deilt var um sölu Straums–Burðaráss á eigin bréfum.⁷ Er fjallað frekar um þessa dóma og þeir reifaðir í kafla 6.1. hér á eftir.

2. Minnihlutavernd

Ein af meginreglum hlutafélagaréttar er sú, að flestar ákvarðanir í hlutafélagi séu teknar með meirihlutaákvörðunum, sbr. 1. mgr. 80. gr. hfl.⁸ Ræður þannig meirihluti atkvæða hluthafa úrslitum mála. Er það rökstutt á þann veg að eðlilegt sé að hafa sem mest samræmi á milli fjárhagslegrar ábyrgðar og ákvarðanatöku í félaginu.⁹ Þegar kjósa á stjórn í hlutafélagi er meginreglan að hlutafélagið geti í samþykktum sínum ákveðið hvernig stjórnarmenn skuli kjörnir og hvernig kosningunum skuli háttað sbr. 4. mgr. 63. gr. hfl.¹⁰ Komi ekkert fram í samþykktum er notuð meirihlutakosning hafi ekki komið fram krafa um hlutfalls- eða margfeldiskosningu. Með meirihlutakosningu fær meirihlutinn í félaginu sterka stöðu til að hafa áhrif á stjórnarkjörið. Hann getur notað öll sín atkvæði til að ráða kjöri og kjósa þrjá menn til stjórnar af fimm, sem er þá meirihluti stjórnar. Hefur minnihlutinn þá enga möguleika á að koma inn manni og verður áfram í minnihluta.¹¹ Fyrir vikið væri meirihlutinn búinn að skapa sér sterkari stöðu innan félagsins, sem gæti komið þeim til góða við ákveðin mál.

Ekki er talið sanngjarnt að stórir hluthafar í félagi geti, stöðu sinnar vegna, haft fé af minni hluthöfum, án þess að sá hópur njóti lágmarksverndar. Skiptir þá ekki máli hvort um sé að ræða fyrirbyggjandi reglur eða úrræði sem hægt væri að grípa til eftir að gjörningur hafi átt sér stað. Fyrirsjáanleiki þarf að vera fyrir hendi og minni hluthafar verða að vita að hagsmuna þeirra sé gætt. Því öflugri sem verndin og fyrirsjáanleikinn er, þeim mun meiri líkur eru á

⁶ Sbr. 70. gr. a. ehfl.

⁷ Athugasemd við frumvarp. Þingskjal 960, mál 569. 138. löggjafarþing 2009–2010

⁸ Sbr. 50. gr. ehfl.

⁹ Stefán Már Stefánsson. (2003). Bls. 295

¹⁰ Sbr. 39. gr. ehfl.

¹¹ Stefán Már Stefánsson. (2003). Bls. 240



nýjum fjárfestum í hlutafélagið og þar með eykst eigið fé félagsins. Þess ber þó að gæta að vernd minnihlutans gangi ekki svo langt, að hún hamli venjulegu starfi stjórnar og sem eru í fullu samræmi við samþykktir félagsins.¹² Hlutafélagalöggjöfin veitir, sbr. 95 gr. hfl., minnihlutanum vernd gegn ráðstöfunum meirihlutans, sem eru til þess fallnar, að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum, ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins. Er það gert með ófrávíkjanlegum lagaákvæðum og komið þannig á jafnvægi milli hagsmuna meirihlutans og hagsmuna minnihlutans. Í 92. gr. hfl.¹³ segir að einfaldur meirihluti atkvæða ráði úrslitum á hluthafafundi, nema öðruvísi sé mælt í lögum eða félagssamþykktum. Minnihlutinn er þá talinn frá minnstu mögulegu einingu upp að neðri mörkum helmings, nema annað komi fram í lögum eða félagasamþykktum. Falli atkvæðin jöfn, skal hlutköstur ráða úrslitum nema annað sé skráð í samþykktir félagsins skv. 92. gr. hfl.

3. Af hverju minnihlutavernd?

Rökin fyrir reglum um minnihlutavernd má bæði rekja til siðferðislegra og hagfræðilegra raka og er í hlutafélagalögunum reynt að tryggja ákveðin grunnildi eins og jafnræði og sanngirni.¹⁴ Þegar einstaklingar fóru að fjárfesta í fleiru en steinsteypu og horfa til óefnislegra hluta eins og hlutabréfa, skuldabréfa o.fl.¹⁵ Þótti mikilvægt að minnihluthafar yrðu ekki áhrifalausir. Stærri hluthafar voru búnir að eignast meirihlutann í félaginu og þar sem hinn venjulegi hluthafi gat ekki fylgst með rekstri félags daglega, þurfti hann að treysta á lög og reglur hvað það varðaði. Þurfti því að vera tryggt að minnihlutinn gæti lagt til fé í t.d. atvinnurekstur, og væri þannig þátttakandi í atvinnulífinu, sem síðan gæti fengið áhættufjármagn til að byggja sig upp. Þetta myndi samt ekki eiga sér stað, nema hluthafinn væri viss um að hann yrði ekki hlunnfarinn, m.a. af stórum hluthöfum.¹⁶ Í athugasemdum við frumvarp til laga nr. 89/2006, um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, sem samið var og lagt fram til þess að styðja við hlut hinna minni hluthafa í hlutafélagi og til þess að hluthafarnir gætu án þess að hafa áhyggjur fjárfest í atvinnulífinu sagði, að skylt yrði að upplýsa stjórn um öll viðskipti félagsins við tengda aðila ef viðskiptin teldust veruleg. Einnig var lagt til að stjórn yrði gert skylt að gera grein fyrir öllum slíkum viðskiptum sem hefðu farið fram á árinu, á aðalfundi félagsins. Sagði í athugasemdum um stjórnhætti félaga, að þeir myndu að stórum hluta snúast um reglur varðandi töku ákvarðana í fyrirtækjum og vernd

¹² Lagastofnun Háskóla Íslands. Bls. 6

¹³ Sbr. 67. gr. ehfl.

¹⁴ Lagastofnun Háskóla Íslands. Bls. 5

¹⁵ Alþingistiðindi. 2004-2005, B-deild, Bls. 932

¹⁶ Alþingistiðindi. 2004-2005, B-deild, Bls. 931-933



hluthafa gegn því, að stjórnendur og ráðandi hluthafar fyrirtækja misnotuðu aðstöðu sína til að hagnast á kostnað fyrirtækisins og hluthafa þess. Reglum um stjórnhætti væri t.d. ætlað að veita hluthöfum vernd gegn því að stjórnendur og ráðandi hluthafar myndu stinga undan fjármunum fyrirtækisins. Selja tengdum aðilum framleiðslu, þjónustu, eignir eða fjármálagerninga á undirverði eða kaupa þá af þeim á yfirverði. Nýta síðan sjálfir viðskiptatækifæri fyrirtækisins, skipa í stjórnunarstöður á öðrum forsendum en viðskiptalegum, eða útteila sjálfum sér og tengdum aðilum óeðlilega háum launum eða hlunnindum.

Þrátt fyrir að reglan um minnihlutavernd hafi verið ólögfest fram til ársins 1978, hefur frá fyrstu hlutafélagalögunum sem voru nr. 77/1921, verið gert ráð fyrir því að allir hlutir skuli hafa jafnan rétt í félaginu¹⁷ Er ákvæði þess efnis að finna í 20. gr. hfl.¹⁸

Í athugasemdum við frumvarp til laga nr. 68/2010, um breytingu á lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög og lögum um ársreikninga (minnihlutavernd o.fl.) sem lagt var fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009-2010, kemur fram að meirihlutinn hafi afgerandi áhrif á niðurstöðu hluthafafunda og sjaldan sé hægt að mæta kröfum minnihlutans. Sameiginlegt markmið beggja hópa er samt hagsæld fyrirtækisins þó markmið meiri- og minnihlutans fari ekki alltaf saman. Fyrir vikið gæti minnihlutinn þurft að setta sig við það að ákvörðun sem tekin var með meirihlutaákvörðun reynist röng og félagið jafnvel skilað tapi vegna hennar. Minnihlutaverndinni er því fyrst og fremst ætlað að veita meirihlutanum mótvægi, þannig að hann gæti jafnræðis og sýni sanngirni við ákvarðanatöku og tryggi að enginn beri skarðan hlut frá borði.

Flest ef ekki öll félög hafa það að meginmarkmiði sínu að skila fjárhagslegum ávinningi til hluthafa. Stundum er það samt svo, að sumir fá meira en aðrir, kannski vegna viðskipta við félagið, auðveldari aðgangi að fjármagni eða öðru.¹⁹

4. Meginreglan um minnihlutavernd

Þeirri reglu sem ætlað er að tryggja vernd minnihluthafa, er meginregla hlutafélagalaganna og má finna í 95. gr. þeirra laga. Segir í henni, að hluthafafundur megi ekki taka ákvörðun sem myndi afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum, ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins. Varð reglan til við norræna samvinnu á sviði félagaréttar og voru á

¹⁷ Lagastofnun Háskóla Íslands. Bls. 7

¹⁸ Sbr. 12. gr. ehfl.

¹⁹ Þorkell Sigurlaugsson. (2009). Bls. 63



áttunda áratugnum almennar bannreglur við öflun ótilhlýðilegra hagsmuna, lögfestar á öllum Norðurlöndunum. Eru það þá hluthafar sem hafa atkvæðisrétt sem bera þessa skyldu á hluthafafundi. Eiga þeir að vernda aðra hluthafa félagsins, þar sem ákvæði 95. gr. hfl. er ætlað að vernda hluthafa félagsins og félagið sjálft.

Þrátt fyrir að meginreglan sé almennt orðuð, eru skilyrðin fyrir því að beita reglunni, ekki almenn eða opin. Ákvörðun sem tekin er á hluthafafundi þarf að uppfylla þrjú skilyrði²⁰ til þess að hún heyri undir 95. gr. hfl. i) Ákvörðunin þarf að vera til þess fallin að afla hluthöfum eða öðrum hagsmuna, og felur sú krafa í sér orsakasamhengi sem gæti gagnast tilteknum hluthöfum og þá á kostnað annarra hluthafa eða félagsins. ii) Hagsmuna sem er aflað þurfa að vera ótilhlýðilegir. Er þá verið að meina að ákvarðanir hluthafafundarins hafi ekki verið réttlætanagerlegar með vísan til málefnaþinga sjónarmiða. iii) Hagsmuna þarf að vera aflað á kostnað hluthafa eða félagsins, þannig að minnihlutunum hafi ekki verið tryggð sú vernd sem hún hefði átt að fá, gegn ótilhlýðilegum ákvörðunum meirihlutans. Uppfylli ákvörðun sem var tekin ekki þessi þrjú skilyrði, heldur orki það tvímælis, fellur hún utan 95. gr. hfl. Þar sem meginreglan er almennt orðuð eins og áður var nefnt, hefur verið talið að það dragi úr þýðingu hennar við réttarframkvæmd. En fremur ströng skilyrði fyrir beitingu hennar og lögfesting reglunnar ætti að bæta réttarstöðu hennar. Hluthafar ættu að geta fylgst betur með reglum í ákvæðinu, og einnig ættu dómstólar að eiga auðveldara með að ákvarða skaðabætur til minnihlutans eða ógilda ákvörðun, hafi hluthafafundur brotið gegn 95. gr. hfl. þegar meginreglan er lögfest.²¹ Hægt væri þá að taka ákvörðun hluthafafundarins og bera hana saman við 95. gr. og skoða hvort hún uppfyllti þessi fyrrgreindu skilyrði eða ekki. Niðurstaðan yrði síðan fundin út frá því. Hliðstæða er með 95. gr. hfl. og 76. gr. sömu laga,²² þar sem sambærilegt bann er sett á aðila sem eru í stjórn eða í forsvari fyrir félag. Félagsstjórn og framkvæmdastjóra er einnig bannað að framfylgja ákvörðun hluthafafundar, brjóti hún í bága við lög eða félagasamþykktir, sbr. 2. mgr. 76. gr. hfl.

5. Styrking minnihlutaverndar

Í áður nefndu frumvarpi til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög og lögum um ársreikninga (minnihlutavernd o.fl.) sem lagt var fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009-2010, kom inn nýtt ákvæði í tengslum við minnihlutaverndina, gr.

²⁰ Lagastofnun Háskóla Íslands. Bls. 13

²¹ Lagastofnun Háskóla Íslands. Bls. 12-15.

²² Sbr. 70. gr. og 51. gr. ehfl.



95. a. Tekur það ákvæði á samningum á milli félagsins og þeirra sem eru í forsvari fyrir félagið og tengdra aðila. Þar sagði í upphafi að þeir samningar sem myndu nema að raunvirði meira en 1/20 hlutfjárins myndu ekki binda félagið nema að fengnu samþykki hluthafafundar. Er þessi grein sambærileg við 8. gr. 3. kafla norsku hlutafélagalaganna nr. 45/1996²³ sem kom inn í þau lög með lagabreytingu árið 2006. Segir í 8. gr. þeirra laga, að samningur sé ekki bindandi fyrir félagið nema með samþykki hluthafafundar, sé hann að raunvirði meira en 1/20 hlutfjár félagsins. Viðskiptanefnd gerði síðan breytingartillögu við þessi 1/20 sem lagt var til við grein 95. a. í hfl. og breytti í að samningurinn myndi nema að raunvirði minnst 1/10 hlutfjárins á undirritunartíma sammingsins, taldi nefndin að reglan yrði betur framkvæmanleg þannig.²⁴

Greinin á sér hliðstæðu í II kafla hfl. um stofnun hlutafélaga og er hún hugsuð sem viðbót við þær reglur sem gilda um viðtöku félags við endurgjaldi í öðru en peningum þegar um stofnun hlutafélags eða hlutfjárhækkun er að ræða og er í ákvæðinu einnig krafist sérfræðiskýrslu. Ákvæði um sérfræðiskýrslu er að finna í gr. 7. hfl.²⁵ sem segir að hún skuli unnin af einum eða fleiri óháðum, sérfróðum mönnum, annaðhvort löggiltum endurskoðendum eða lögmönnum ellegar sérfróðum mönnum sem dómkvaddir eru á heimilisvarnarþingi félagsins. Þá hafi sérfræðingarnir rétt til að framkvæma þær athuganir sem þeir telji nauðsynlegar og geti krafist upplýsinga og aðstoðar af stofnendum og félaginu ef þeir telja þörf á. Er 95. gr. a. ætlað að vernda hluthafa og lánadrottna gegn því að aðrir hluthafar grípi til ótilhlýðilegra ráðstafana á kostnað félagsins.²⁶

5.1 Ákvæði 95. gr. a.

Samningur milli félagsins og hluthafa, móðurfélags hluthafa, stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra félagsins, sem nemur að raunvirði minnst 1/10 hlutfjárins á undirritunartíma sammingsins, bindur eigi félagið nema að fengnu samþykki hluthafafundar. Þetta gildir þó ekki um:

1. *Samninga sem gerðir hafa verið í samræmi við reglur 5.- 6. gr. 6.gr. a – 6.gr. c, 7.- 8. gr. og 37. gr. um öflun sérfræðiskýrslu við stofnun félags og hlutfjárhækkun.*

²³ Hér eftir nefnd norsku hfl.

²⁴ Þingskjal 1202, 569. Mál 138. Löggjafarþing 2009-2010

²⁵ Sbr. 2. mgr. 5. gr. ehfl.

²⁶ Frumvarp til laga um breytingu á lögum um einkahlutafélög og lögum um ársreikninga (minnihlutavernd o.fl) Lagt fyrir á Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009-2010 um 13. gr.



2. *Samninga og ákvarðanir um laun og starfskjör æðstu stjórnenda skv. 79.gr. og 79.gr. a.*
3. *Samninga um framsal fjármálagerninga samkvæmt skráðu gengi þeirra á skipulögðum verðbréfamarkaði.*
4. *Samninga sem gerðir eru í tengslum við venjulegan rekstur félags og hafa að geyma verð og aðra skilmála sem eðlilegt er að séu í slíkum samningum.*
5. *Samninga undir almennu lágmarki hlutafjár í hlutafélögum.*
6. *Samninga fjármálafyrirtækja, váttryggingarfélaga og félaga sem hafa verðbréf sín tekin til viðskipta á skipulögðum verðbréfamarkaði eða markaðstorgi fjármálagerninga (MTF)*

Í 5. gr. hfl. kemur fram að í stofnsamningi félags þurfi að vera sérstök ákvæði um það ef hluti megi greiða með öðrum verðmætum en reiðufé og eins ef hlutafélagið taki við slíkum verðmætum gegn greiðslu í öðru en hlutum. Segir síðan í 6. gr. hfl. að ef hlutafélagið eigi að taka við verðmætum skv. 1. eða 2. tl. 1. mgr. 5 gr. hfl. frá stofnendum eða öðrum, skuli sérfræðiskýrsla fylgja stofnsamningnum. Í sérfræðiskýrslunni þarf að koma fram lýsing á greiðslunni eða því sem borgað er með, upplýsingar um aðferðina sem notuð var við matið og tilgreint hvert endurgjaldið er. Þá þarf skýrslan að vera yfirlýsing um, að hið tiltekna verðmæti svari a.m.k. til hins umsamda endurgjalds, þar á meðal nafnverðs þeirra hluta sem gefa á út, að viðbættu hugsanlegu álagi vegna yfirverðs. Endurgjaldið má síðan ekki vera hærra en sem nemur þeirri fjárhæð sem bókfært er sem verðmæti til eignar í reikningum félagsins.

Hvað varðar 6. gr. a. í hfl. þá geta stofnendur eða stjórn ákveðið að ekki skuli gerð sérfræðiskýrsla skv. 1.-3. tl. 1. mgr. 6. gr. hfl. eða 1. mgr. 37. gr. hfl. vegna greiðslu hlutafjár með verðbréfi eða peningamarkaðsskjali sem tekið hefur verið til viðskipta á skipulögðum verðbréfamarkaði, enda miðist verð bréfsins eða skjalsins við vegið meðaltal verðs á þeim markaði síðustu sex mánuði fyrir greiðslu hlutafjárins. En hafi verðmæti bréfsins verðbréfsins eða peningamarkaðsskjalsins breyst verulega á þeim tíma sem það skal notað til greiðslu á hlutafé, skal gerð sérfræðiskýrsla sbr. 7. gr. hfl.

Stofnendur og stjórn geta einnig skv. 6. gr. b. hfl. ákveðið að ekki skuli gerð sérfræðiskýrsla sbr. 1. – 3. tl. 1. mgr. 6. gr. hfl. eða 1. mgr. 6. gr. hfl. eða 1. mgr. 37. gr. hfl. vegna greiðslu hlutafjár með öðrum verðmætum en reiðufé, ef verðmæti greiðslunnar kemur beint fram í



endurskoðuðum lögmæltum ársreikningi fyrir síðasta reikningsár, og eignfærsla fer fram samkvæmt ársreikningalögum. Leiði nýjar aðstæður til þess að verðmæti greiðslu skv. 1. mgr. hafi breyst verulega á þeim tíma sem greiðslu skal inna af hendi, skal stjórn eða stofnendur endurmeta verðmæti greiðslunnar og fá gerða sérfræðiskýrslu.

Í 6. gr. c. hfl. segir síðan að hafi ekki verið gerð sérfræðiskýrsla skv. 6. gr. a eða 6. gr. b. hfl. skuli stofnendur eða stjórn útbúa greinargerð sem innihaldi lýsingu á greiðslunni, verðmæti hennar, grundvöll verðmætamatsins og aðferðina sem notuð var við matið. Þá þarf að koma fram að verðmæti greiðslunnar svari a.m.k. til nafnverðs þeirra hluta sem gefa skal út að viðbættu hugsanlegu álagi vegna yfirverðs og að ekki séu komnar upp nýjar aðstæður sem skipta máli varðandi upprunalegt verðmætamat.

Afli félagið annarra fjárhagsverðmæta en þeirra sem um greinir í 6. gr. hfl. frá stofnanda eða hluthafa, þarf samþykki hluthafafundar skv. 8. gr. hfl. ef öflunin fer fram á tímabilinu frá stofnsamningsdegi og þar til liðin eru tvö ár frá skráningu félagsins. Einnig ef endurgjaldið nemur a.m.k. 1/10 hlutafjárins. Þarf þá að útbúa sérfræðiskýrslu og skal stjórnin einnig láta taka saman skriflega greinargerð um öflun verðmætanna. Gildir ákvæði 1. mgr. ekki um öflun verðmæta sem lið í venjulegum viðskiptaráðstöfunum félagsins, öflun þeirra á verðbréfafingri eða öflun þeirra fyrir tilstilli eða undir eftirliti handhafa framkvæmdavalds eða dómsvalds. Greinargerðina og sérfræðiskýrsluna skal leggja fram og senda hluthöfum skv. ákvæðum 4. mgr. 88. gr. hfl. Skjölin skal einnig leggja fram á hluthafafundinum.

Hrd. 143/2006 Deilt var um hvað hefði falist í hlutafjárframlagi N ehf., hvort það hefði eingöngu verið yfirfærsla á almennri þekkingu á notkun ensímtæknilegrar aðferðar eða hvort um hefði verið að ræða nytjaleyfi á einkaleyfi N ehf. Hélt NB hf. því fram að í 1. lið samkomulags þeirra, hefði falist að N ehf. hefði við stofnun á NB hf. félaginu fengið almenn afnotaréttindi af þekkingu og vinnsluleiðbeiningum til bragðefnavinnslu, svo sem greint hefði verið frá í stofnsamningi og sérfræðiskýrslu endurskoðanda. Í niðurstöðu Hæstaréttar sagði að samkvæmt lögum nr. 17/1991 um einkaleyfi þyrftu nytjaleyfissamningar ekki að uppfylla formskilyrði til að teljast gildir. Ljóst sé að hið umdeilda ákvæði sé ekki skýrt, en þegar það sé lesið með 2. lið samningsins, verði að fallast á þá málsástæðu NB hf., að í 1. lið samkomulagsins hafi falist ótímabundið og óafturtækt nytjaleyfi á einkaleyfi N ehf. Var NB hf. því sýknað af kröfu N ehf.

Megi greiða hina nýju hluti með skuldajöfnuði eða á annan hátt en með reiðufé segir í 37. gr. hfl. að reglur skuli settar um það í ákvörðun hluthafafundar um hlutafjárhækkunina.



Samkvæmt 79. gr. hfl. ákveður aðalfundur laun stjórnarmanna og fulltrúarnefndarmanna og félagsstjórn ákveður laun og starfskjör framkvæmdastjóra. Félagsstjórn í félagi sem skyldugt er að kjósa sér endurskoðenda skv. 1. - 3. mgr. 98. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga, skal samþykkja starfskjarastefnu félagsins, varðandi laun og aðrar greiðslur til forstjóra og annarra æðstu stjórnenda félagsins skv. 79. gr. a hfl. Á þetta þó ekki við um laun og aðrar greiðslur til forstjóra hlutafélags sem er að meiri hluta í eigu ríkissjóðs og forstjóra hlutafélags í eigu þess. Skal koma fram í starfskjarastefnunni grundvallaratriði hvað varðar starfskjör stjórnenda og stjórnarmanna, og stefnu félagsins, varðandi samninga við stjórnendur og stjórnarmenn. Jafnframt hvort og þá við hvaða aðstæður og innan hvaða ramma, heimilt sé að greiða eða umbuna stjórnendum og stjórnarmönnum til viðbótar grunnlaunum.

Falli samningur undir 95. gr. a. hfl. er félagsstjórn skylt að afla sérfræðiskýrslu skv. 6. gr. hfl, sbr. 6. gr. a- 6.gr. c og 7. – 8. gr. hfl. Skýrslan skal geyma yfirlýsingu þess efnis að samræmi sé á milli greiðslu félagsins og þess endurgjalds sem félagið fær, sbr. 4. tl. 1. mgr. 6. gr. hfl. Sérfræðiskýrslan skal fylgja fundarboði til hluthafafundar og skal send hlutafélagaskrá.

Sé samningur ekki bindandi fyrir félagið skulu greiðslur ganga til baka að því marki sem þær hafa verið inntar af hendi. Gildir ákvæði 102. gr. hfl. eftir því sem við á.

Ákvæði 1. – 3. mgr. gilda einnig um samninga er félag hefur gert við aðila sem er nákominn hluthafa eða nákominn móðurfélagi hluthafa eða einhvern sem kemur fram samkvæmt samningi eða með öðrum hætti með heimild einhverra þeirra sem nefndir eru í 1. mgr.

Með nákomnum í þessari grein er átt við hjón og þá sem búa í óvígðri sambúð, aðila í staðfestri samvist eða aðila í skráðri sambúð. Þá sem skyldir eru í beinan legg eða fyrsta legg til hliðar, en með skyldleika er í þessu sambandi einnig átt við tengsl sem skapast við ættleiðingu eða fóstur. Eiga nákomnir einnig við um þá sem tengjast með hjúskap, óvígðri sambúð, staðfestri samvist eða skráðri sambúð með sama hætti og um ræðir í 2. tl. Félag sem viðkomandi sjálfur eða einhver þeirra sem nefndir eru í 1.- 3. tl. hefur yferráð yfir í skilningi 2. gr. hfl.

Grunninn að þessu ákvæði í 4. mgr. 95. gr. a hfl. um hagsmunaárekstra milli stjórnarmanna í félögum, ráðandi hluthafa og nákominna aðila og mögulegrar misnotkunar, lagði nefnd sem skipuð var af iðnaðar- og viðskiptaráðherra árið 2004 og átti að móta stefnu viðskiptalífsins.



Lagði nefndin til að skylt yrði að upplýsa stjórn um öll viðskipti tengdra aðila, væri um veruleg viðskipti að ræða.²⁷ Í frumvarpi til laga nr. 68/2010 um breytingu á lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög og lögum um ársreikninga (minnihlutavernd o.fl) sagði, að tryggja þyrfti vernd smærri hluthafa og lagt til hverjir það væru sem teldust til nákominna aðila þegar kæmi að samningagerð.

6. Stjórn og ábyrgð í hlutafélögum

Hávær umræða hefur verið í þjóðfélaginu um stjórnarhætti fyrirtækja eftir hið svokallaða hrun, haustið 2008, og þá sér í lagi um hlutverk stjórnar og framkvæmdastjóra fyrirtækja. Þegar verið er að tala um stjórnarhætti fyrirtækja er verið að vísa til þess kerfis sem notað er til að stjórna og hafa eftirlit með rekstri fyrirtækja. Á það einnig við um skyldur þeirra sem koma að stjórnuninni þ.e. stjórnarmanna, framkvæmdastjóra, hluthafa, endurskoðenda og annarra sem eiga hagsmuna að gæta. Stjórnarhættir snúa að reglum um ákvarðanatöku og vernd hluthafa, þ.e. að meirihluta hluthafarnir og stjórnin hagnist ekki á kostnað minnihluta hluthafanna og fyrirtækisins.²⁸ Í núgildandi lögum nr. 2/1995 um hlutafélög eru ákvæði sem eiga að tryggja hluthöfum mikilvæg réttindi og vernd sbr. 76 gr. 95. gr. og 95. gr. a. hfl.

6.1. Skylda stjórnar í hlutafélagi

Í hfl. er kveðið á um hverjir fari með málefni félagsins, þ.e. tiltekna stjórnareiningar, hluthafafundur, félagsstjórn, framkvæmdastjórn og fulltrúanefnd sem annast stefnumótun, ákvarðanatöku og fara með forsvar félagsins. Skipan þriggja fyrst nefndu stjórnareininganna er skylda og eiga þær því ávallt að vera til staðar í hlutafélagi en fulltrúanefnd er valkvæð.²⁹

Samkvæmt 63. gr. hfl. kýs hluthafafundur í stjórn og skulu fæst þrír stjórnarmenn sitja þar. Þá ræður stjórnin framkvæmdastjóra sbr. 65. gr. hfl.³⁰ Stjórn félagsins og framkvæmdastjóri fara síðan með málefni félagsins, og felur það í sér bæði starfsskyldu og eftirlitsskyldu. Er þeim ætlað að móta stefnu félagsins og koma henni í framkvæmd. Stjórninni ber að gæta hagsmuna allra hluthafa og félagsins. Allir fá sömu meðferð og ekki má taka við skipunum frá hluthöfum eða vera fulltrúar ákveðinna hluthafa. Aftur á móti, er öllum hluthöfum heimilt að sækja hluthafafundi og taka þar til máls sbr. 80. gr. hfl. og er hluthafafundur æðsta valdið í

²⁷ Íslenskt viðskiptaumhverfi – nefndarálit (2004). Bls. 81

²⁸ Drög af frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, með síðari breytingum. Bls. 7
Sótt þann 03.11. 2011 af http://www.efnahagsraduneyti.is/media/Acrobat/hlutafelog_pdf.pdf

²⁹ Stefán Már Stefánsson. (2003) Bls. 235

³⁰ Sbr. 41. gr. ehfl.



málefnum hlutafélags. Það er síðan hlutverk stjórnar að vera ábyrg fyrir þeirri stefnu sem sett er hverju sinni, annast skipulag félagsins og halda starfsemi þess í réttu og góðu horfi. Hún leggur línurnar fyrir framkvæmdastjóra og skal taka allar ákvarðanir sem eru óvanalegar eða meiriháttar. Einnig er það hlutverk stjórnar að hafa eftirlit með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins sbr. 3. mgr. 68. gr. hfl.³¹ Hún ritar firma og kemur út á við fyrir hönd fyrirtækisins sbr. 1. mgr. 74. gr. hfl.³² Að auki sem stjórnin sér um að ráða og reka framkvæmdastjóra félagsins sbr. 1. mgr. 65. gr. hfl. Ekki er hægt að takmarka þetta vald stjórnarinnar eða fella það niður með samþykktum.

Mikilvægt er að stjórnarmenn þekki lög og reglur sem gilda um rekstur fyrirtækja, og starfsemi þess félags sem viðkomandi situr í stjórn hjá. Sbr. **Hrd. 103/2002** þar sem tekist var á um skaðabótakröfu á hendur framkvæmdastjóra félags vegna tjóns sem rekja mátti til bókhaldsóriðu. Var framkvæmdastjórinn sýknaður vegna eigin sakar félagsins, þar sem stjórn félagsins bar að hafa eftirlit, en gerði það ekki.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar mega ekki misnota aðstöðu sína í viðskiptum með hluti í félaginu, eða félögum innan sömu samstæðu sbr. 2. mgr. 67. gr. hfl.³³

Hrd. 228/2009. Glitnir gegn Vilhjálmi Bjarnasyni:

Stjórn Glitnis var sakfelld í héraðsdómi en sýknuð í Hæstarétti

Málavextir voru þeir að haldinn var hluthafafundur í Glitni hf. og ný stjórn kosin. B forstjóri Glitnis tilkynnti starfslok sín og gerður var starfslokasamningur, auk þess sem Glitnir myndi kaupa hluti í Glitni af tveimur félögum í eigu B. Var hver hlutur keyptur á 29 kr. en meðalgengið á bréfinu var á markaði þennan dag skráð á 26,6 kr. Var V. ósáttur og taldi um mismunun hluthafa að ræða. Vildi hann með dómi þessum fá það viðurkennt að um slíkt hafi verið að ræða. Fór V. fram á bætur.

Í málinu komu aðallega tvö lagaákvæði til álita, 55. gr. hfl. og 76. gr. hfl. auk þess sem V. vísaði til ólögfestrar meginreglu félagaréttar um jafnræði félagsmanna.

Samkvæmt 55. gr. hfl. má hlutafélag kaupa hluti í eigin félagi svo fremur sem, i) hlutaféð sé minna en 10% af heildar hlutafé hlutafélagsins, ii) stjórn hlutafélagsins hafi heimild frá hluthafafundi til þess að gera slíkan gjörning iii) í heimildinni sé kveðið á um lægstu og hæstu fjárhæð sem félaginu er leyfilegt að reiða fram.

³¹ Sbr. 3. mgr. 44. gr. ehfl.

³² Sbr. 1. mgr. 49. gr. ehfl.

³³ Sbr. 2. mgr. 43. gr. ehfl.



Kom fram í dómi Hæstaréttar, að þegar samið hefði verið um kaup á hlutum af einkahlutafélögum B, hefði verið í gildi heimild sem hefði veitt stjórn Glitnis leyfi til slíkra ráðstafana. Sbr. 3 mgr. 55. gr. hfl. um lægstu og hæstu fjárhæð, hvað varðaði að víkja ekki meira en 10% frá markaðsverði hlutanna í Kauphöll á hverjum tíma. Átti þetta einnig við um jafnræði milli hluthafa við kaup á eigin hlutum. Var stjórn Glitnis þ.a.l. sýknuð.

Hvað varðar 76. gr. hfl. þá sést strax, að seinni hluti ákvæðisins á ekki við, þar sem þetta brýtur ekki í bága við lög né samþykktir félagsins. Eftir stendur hvort þetta fari í bága við 1. mgr. 76. gr. sem segir, að þeir sem hafi heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins, megi ekki gera ráðstafanir, sem séu til að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna, á kostnað annarra hluthafa eða félagsins. En eins og fram kom í dómi Hæstaréttar þá felur 55 gr. hfl. í sér frávik frá 76. gr. sömu laga um bann við því að félagsstjórn mismuni hluthöfum, því félagið geti ekki keypt eigin hluti af öðrum en hluthafa, og í samræmi við heimildir hluthafafundar.

En hefði þessi gerningur brotið á 95. gr. a. í hfl. hefði það ákvæði verið til staðar? Samningurinn sem var gerður myndi falla undir greinina, þar sem hann var á milli félagsins og hluthafa eða fyrrverandi framkvæmdastjóra. En þar sem raunvirðið var minna en 1/10 hlutafjárins á þeim tíma sem undirritað var, þá þurfti ekki að fá samþykki hluthafafundar til þess að binda félagið að kaupnum. En hvað varðar 3. tl. 1. mgr. 95. gr. a. hfl. segir, að ef samningur um framsal fjármálagerninga sé á skráðu gengi skipulags verðbréfamarkaðar gildi reglan ekki. Í þessu tilviki voru hlutirnir keyptir á herra gengi en þeir voru skráðir á, á markaði, og myndi því samningurinn hafa brotið gegn ákvæði 95. gr. a. í hfl. hefði það verið komið í lögina á þessum tíma sem dæmt var. Þannig að hefði samningurinn fallið undir 95. gr. a. þá hefði skv. 2. mgr. greinarinnar, stjórnin þurft að afla sérfræðiskýrslu skv. 6. gr. hfl., sbr. 6. gr. a – c og 7.- 8. gr. hfl. Sérfræðiskýrslan hefði síðan þurft að fylgja fundarboði til hluthafafundar og samningurinn hefði ekki orðið bindandi nema að fengnu leyfi hluthafafundar, þ.e. með meirihluta samþykki. Hefði samningurinn verið dæmdur ógildur, hefðu greiðslur sem inntar voru af hendi, gengið til baka sbr. 3. mgr. 95. gr. a. hfl.

Hrd. 350/2009 Vilhjálmur Árnason o.fl. gegn Straumi Burðarás Fjárfestingarbanka hf.
Hæstiréttur staðfesti dóm héraðsdóms og sýknaði stjórn fjárfestingarbankans.

Málsástæður voru þær að stór hluti í bankanum var seldur til óþekkts aðila, að því er talið var, fyrir kr. 18,60 á meðan meðalverð í Kauphöllinni var 19,17 kr. þennan sama dag. Taldi því V. að stjórnin skyldi borga skaðabætur til hluthafa vegna þess tjóns sem hún hefði valdið þeim. Stjórninni hefði verið óheimilt að selja svona stóran hlut undir markaðsverði. Salan hefði rýrt verðmæti félagsins, og stjórnin hefði mismunað hluthöfum með því að selja einum þeirra hlutinn á lægra verði en aðrir gátu keypt hann á, þennan sama dag.



Ekki var talið að V. hefði getað sýnt fram á tjon vegna sölunnar. Stjórnendur þyrftu að taka ákvarðanir um fjárhagslegar ráðstafanir félagsins, og það væri ekki Hæstaréttar að dæma um það hvort salan hefði verið óþörf eða ekki. Hæstiréttur gæti einungis fjallað um, hvort brotið hefði verið ólöglega gegn réttindum annarra. V. hefði ekki tekist að sýna fram á að svo hefði verið. Stjórnendum félagsins hefði ekki verið skylt að bjóða hluthöfum að ganga inn í samninginn, þar sem slíkt væri hvorki áskilið í hfl. eða samþykktum félagsins. Hluthöfum félagsins var því ekki verið mismunað með þessari sölu.

Sagði í héraðsdómi þessa máls þann 12. mars 2009 að Fjármálaeftirlitið hefði tekið þessi viðskipti til skoðunar og sagt í tilkynningu, dagsettri 10. febrúar 2009, að málið hefði m.a. verið skoðað í tengslum við reglur um virka eignarhluti, tilboðsskyldu og flöggun og myndi ekki telja að tilefni væri til frekari afskipta af þeirra hálfu.

Eins og sjá má í niðurstöðu Hæstaréttar, var ekkert ákvæði í hfl. á þeim tíma sem dæmt var í þessu máli, sem sagði að ekki mætti gera svona samning þ.e. að bjóða þyrfti öðrum hluthöfum að ganga inn í slíkan samning.

Ein ástæða þess að 95. gr. a. var sett inn í hfl. er einmitt niðurstaða þessa Hæstaréttardóms. Hefði ákvæðið verið komið inn í hfl. hefði niðurstaða dómsins sennilega orðið önnur, þar sem viðskiptin námu að raunvirði meira en 1/10 af hlutafjár félagsins á þeim tímapunkti sem þau voru gerð. Þá hefði skv. 1. mgr. greinarinnar slíkur samningur ekki bundið félagið nema að fengnu samþykki hluthafafundar. Einnig hefði skv. 2. mgr. sömu greinar félagsstjórn þurft að afla sérfræðiskýrslu skv. 6. gr. hfl., sbr. 6. gr. a – 6. gr. c og 7.- 8. gr. hfl. Í framhaldi af því þyrfti meirihluta stjórnar til þess að samningurinn teldist gildur. Hefði Hæstiréttur dæmt samninginn ógildan skv. 95. gr. a. hfl. þá hefði samningurinn ekki verið bindandi fyrir félagið og greiðslur sem inntar hefðu verið af hendi, myndu ganga til baka sbr. 3. mgr. 95. gr. a. hfl.

6.2 Gagnsæistilskipunin

Með lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti³⁴ var mikilvæg rammatilskipun Evrópuþingsins og ráðs Evrópusambandsins innleidd í íslensk lög. Var þar um að ræða sk. gagnsæistilskipun nr. 2004/109/EB. Var tilgangur gagnsæistilskipunarinnar, að samræma birtingu reglna og upplýsinga um útgefendur verðbréfa og flagganir og stuðla þar með að raunverulegum innri markaði og fjárfestavernd.³⁵ Í frumvarpinu með vvl. segir um gagnsæistilskipunina, að þrátt fyrir að hún leggi einkum skyldur á útgefendur að veita reglulegar upplýsingar, þá verði útgefendur hlutabréfa, að birta opinberlega allar upplýsingar

³⁴ Hér eftir nefnt vvl.

³⁵ Aðalsteinn E. Jónasson. (2009). Bls. 55



um breytingar á réttindum sem fylgja mismunandi flokkum hlutabréfa. Þannig verði útgefendur að tryggja, að jafnræði sé með öllum eigendum hluta í sömu stöðu. Upplýsingagjöf til eigenda hlutabréfa hvað varðar fundi sé greið og að notkun umboða sé leyfileg. Að auki þess sem hér hefur verið nefnt, þá geymir tilskipunin tvö sérákvæði. Annars vegar, sem beinist að útgefendum hlutabréfa á þann hátt að þeir tryggi jafnræði allra eigenda hluta í sömu stöðu. Hins vegar að útgefendum skuldabréfa, sem eiga að tryggja, að allir handhafar skuldabréfa sem metin eru jafngild, njóti sömu meðferðar varðandi sérréttindi er fylgja skuldabréfum. Það sem sérákvæði tilskipunar nr. 2004/109/EB er að tryggja, tryggir hlutafélagalöggjöfin eigendum hluta varðandi jafnræði, og má því segja að þarna sé komin minnihlutavernd inn í vvl. Með innleiðingu gangsaestilskipunarinnar, eiga þeir sem tilheyra sama flokki, að fá sömu upplýsingar, en ekki einn fremur en annar.

Hrd. 256/2001 Ágreiningur reis um ákvörðun stjórnar LÍ, um að kaupa hlutafé J í Frumafli og greiða það með hlutafé LÍ. Hafnaði héraðsdómur kröfu eigenda af 17,3% í LÍ, að felld yrði úr gildi ákvörðun sýslumanns um synjun á lögbandi, við því að J myndi nýta sér þann rétt sem fylgdi hlutafjáreign hans í LÍ, sem hann fékk til ráðstöfunar með rafrænum hætti við kaupin. Einnig var synjað lögbandi við því, að J ráðstafaði þessari hlutafjáreign sinni til þriðja aðila og að sýslumaður myndi taka afstöðu til þess, hvort og hvernig J yrði gert að afhenda hlutina til varðveislu á meðan lögbandinu stæði.

Hæstiréttur felldi úrskurðinn úr gildi og var fallist á það að sérfræðimat skv. hfl. hefði átt að liggja fyrir, þegar ákvörðunin um kaupin var tekin. Einnig var tekið tillit til þess, að áður en kaupin hefðu átt sér stað, hefðu hluthafar krafist þess, að allir hluthafar hefðu átt að eiga þess kost að taka afstöðu til kaupanna. Taldi Hæstiréttur að skilyrðum hfl. og samþykktu LÍ hefði verið fullnægt svo eigendur af 17,3 % í LÍ gætu krafist fundar, og stjórn LÍ hefði getað boðað til fundar. Stjórninni hefði því verið óheimilt að ákveða og ganga til kaupa á hlutafé í F áður en hún hélt fund sem löglega hefði verið krafist. Niðurstaðan var því sú, að kaupin voru óheimil, þar sem komið hefði fram krafa í tíma um hluthafafund þar sem fjalla skyldi um kaupin. Kaup þessi hefðu getað verið til þess fallin að raska rétti skv. 76. gr. hfl.

Ef greiða má hluti í félaginu með öðrum hlutum en reiðufé, þarf það að koma fram í stofnsamningi félagsins sbr. 1.tl. 1. mgr. 5. gr. hfl. Skal þá sérfræðiskýrsla fylgja stofnsamningum skv. 6. gr. hfl. og þarf hún að vera unnin af einum eða fleiri óháðum, sérfróðum mönnum, sem dómkvaddir eru til á heimilisvarnarþingi félagsins skv. 7. gr. hfl. Er það síðan í höndum stofnenda og stjórnar að ákveða að ekki skuli gera sérfræðiskýrslu, falli greiðsla hlutafjárins undir 6. gr. a. eða 6.gr. b. hfl. Sé það niðurstaðan þarf skv. 6. gr. c. hfl. að útbúa greinargerð.



Samkvæmt 2. mgr. 95. gr. a., er félagsstjórn skylt að afla sérfræðiskýrslu ef samningurinn sem gera á, fellur undir ákvæðið. Er þá verið að meina samninga á milli félagsins og hluthafa, móðurfélags hluthafa, stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra félagsins, sem nemur að raunvirði minnst 1/10 hlutafjárins á undirritunartíma samningsins. Kemur einnig fram í ákvæðinu að þetta gildi ekki um samninga sem gerðir eru í samræmi við ákveðnar reglur þ.m.t. 37. gr. hfl. sbr. 1. – 6. tl. 1. mgr. 95. gr. a. hfl. Í **Hrd. 256/2001** kom fram að ákvörðun um kaup á öllu hlutafénu í F, var tekin áður en aflað hafði verið sérfræðiskýrslu löggilts endurskoðanda samkvæmt 37. gr. sbr. 5.-8. gr. hfl. Fyrir vikið hefði samningurinn sennilega fallið undir 95. gr. a. hfl. og verið brot á henni hefði greinin verið komin í hfl. Þegar þessi dómur féll.

6.3 Skylda framkvæmdastjóra í hlutafélagi

Samkvæmt 1. mgr. 68. gr. hfl.³⁶ fer framkvæmdastjóri hlutafélags með stjórn félagsins ásamt stjórn. Hann annast allan daglegan rekstur fyrirtækisins og fer eftir stefnu og fyrirmælum stjórnar. Ekki falla þar samt undir óvenjulegar ráðstafanir eða ráðstafanir sem eru sérlega stórar í sniðum. Framkvæmdastjóri getur þó tekið slíkar ákvarðanir ef heimild er fyrir slíku í samþykktum félagsins, eða ekki er unnt að bíða eftir ákvörðun félagsstjórnar, án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi félagsins. Framkvæmdastjórar geta verið tveir eða fleiri og er þá talað um framkvæmdastjórn. Þeir eru yfirleitt ráðnir til félagsins vegna þeirrar sérstöku viðskiptaþekkingar sem þeir búa yfir.³⁷ Framkvæmdastjóri má ekki misnota aðstöðu sína í viðskiptum með hluti í félaginu eða félögum innan sömu samstæðu sbr. 2. mgr. 67. gr. hfl. Hann má ekki framfylgja ákvörðun hluthafafundar eða stjórnar, ef ákvörðun er ógild, vegna þess að hún brýtur í bága við lög eða samþykktir félagsins skv. 2. mgr. 76. gr. hfl. Þá eins og komið hefur fram, bindur ekki samningur milli framkvæmdastjóra og félags sem nemur að raunvirði minnst 1/10 hlutafjár félagsins á undirritunartíma félagið, nema að fengnu samþykki hluthafundar sbr. 1. mgr. 95. gr. a. hfl. Var með því ákvæði, verið að koma enn frekar í veg fyrir, að framkvæmdastjóri gæti misnotað aðstöðu sína og gert samninga sem erfitt væri að fylgjast með. En með broti á 95. gr. a. hfl. gæti minnihlutinn farið með málið fyrir dóm.

Í viðskiptum aðila sem eru hvor öðrum háðir, er hætta á óeðlilegri verðlagningu. Tekur hún einkum mið af skattalegum hagsmunum og milliverðsreglum (transfer pricing). Liggi

³⁶ Sbr. 1. mgr. 44. gr. ehfl.

³⁷ Árni Harðarson. (1994). Skaðabótaábyrgð stjórnenda hlutafélaga. *Úlfjótur*, 47, (3), Bls. 279



almennt gangverð ekki fyrir, skal miða skattverð við reiknað útsöluverð, þar sem tekið er tillit til alls kostnaðar, að viðbætti þeirri álagningu sem almennt er notuð á vörur eða þjónustu af sama tagi. Sbr. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.³⁸ Það kallast armslengdarregla, þegar verð í viðskiptum milli skyldra aðila þarf að vera í samræmi við markaðsverð sem tveir ótengdir aðilar myndu semja um sín á milli. Þarf að tryggja að verðákvæðanir í samningum, séu í samræmi við það sem almennt tíðkast í viðskiptum óháðra aðila, sem standa ekki í armslengd hver frá öðrum sbr. 9. gr. vskl.

Ákvæði 1. – 3. mgr. 95. gr. a. hfl. gilda einnig um samninga sem félagið gerir við aðila sem er nákominn einhverjum þeim sem nefndur er í 1. mgr. greinarinnar. En eins og áður sagði var það ákvæði sett inn í lögina til varnar minnihluthöfum. Þyrfti þá að afla sérfræðiskýrslu og yrði hún unnin af óháðum og sérfróðum mönnum. Hefðu þeir rétt til að framkvæma þær athuganir sem þeir teldu nauðsynlegar, auk þess að fá þær upplýsingar og aðstoð frá stofnendum og eða félaginu sem þeir þyrftu, til þess að geta unnið starf sitt sbr. 3. mgr. 7. gr. hfl. Þannig er síður hætta á, að um óeðlilega verðlagningu sé að ræða.

6.4 Skaðabótaábyrgð samkvæmt hfl.

Samkvæmt 134. gr. XV kafla hfl.³⁹ geta stofnendur, stjórnarmenn, framkvæmdastjórar, endurskoðendur ofl. er starfa í hlutafélagi, verið bótaskyldir vegna tjóns sem þeir hafa valdið félaginu, með störfum sínum af ásetningi eða gáleysi. Athöfn eða athafnaleysi stjórnarmanns er metin til sakar, ef fyrir liggja mikilvæg rök og ákvarðanir stjórnarmannsins eru ekki teknar út frá hagsmunum félagsins, t.d. hafi hann látist stjórnast af persónulegum hagsmunum eða ekki látið félagið ganga fyrir. Meginreglan er að allir í stjórninni beri jafna bótaábyrgð. Það gæti þó komið upp, að sérfræðingur myndi bera ríkari bótaábyrgð, á meðan nýr aðili í stjórn kynni að bera minni ábyrgð vegna vanþekkingar sinnar á störfum stjórnarinnar.⁴⁰

Stjórnendur sem gera samninga fyrir hönd félagsins eru ekki gerðir persónulega ábyrgir fyrir þeim, nema hægt sé að rekja mistök til þeirra. Aftur á móti bera þeir skaðabótaábyrgð samhliða félaginu, þegar um er að ræða bótaskyld atferli utan samninga.⁴¹ Samkvæmt dómaframkvæmd þurfa að liggja fyrir veigamikil rök til þess

³⁸ Hér eftir vskl.

³⁹ Sbr. 108. gr. XV kafla ehfl.

⁴⁰ Stefán Már Stefánsson. (2003) bls. 411-414

⁴¹ Stefán Már Stefánsson. (2003) bls. 424



að stjórnarmaður verði sakfelldur og langoftast taka stjórnarmenn ákvarðanir með hagsmuni félagsins að leiðarljósi, en eru ekki að framfylgja eigin hagsmunum. Víðtækar bótareglur á hendur stjórnarmanna kæmu einnig í raun í veg fyrir að það sem löggjafinn hefur viðurkennt, að hlutafélag beri takmarkaða ábyrgð. Eru stjórnarmenn ekki gerðir ábyrgir fyrir því, ef þeir taka rangar ákvarðanir í félagsmálefnum. Meira verður að koma til s.s. að þeir vanræki að kynna sér mikilvæg málefni eða látast stjórnast af persónulegum ástæðum.

Hrd. 137/1997 Hlutafélagið Jarlinn (seinna Faxafen) greiddi ekki opinber gjöld um tíma og sagði stjórnarformaður það vera í verkahring framkvæmdastjóra að greiða þau. Hæstiréttur ákvarðaði að stjórnarformanni hefði borið að afla sér vitneskju um rekstur félagsins, um virðisauka- og staðgreiðslur, og var því stjórnarformaðurinn dæmdur bera ábyrgð á greiðslunum.

Algengt er að bótakröfur séu gagnvart félaginu sjálfu, ef um er að ræða brot á hfl. eða samþykktum, en þær geta einnig verið gagnvart hluthöfum eða lánadrottnum.

Þegar kemur að hagsmunum félagsins eða annarra hluthafa, hafa hluthafar engar skyldur og fá enga þóknun fyrir að mæta á hluthafafundi og má því ganga út frá því að þeir verði ekki gerðir bótaskyldir nema í undantekningartilvikum. Dugir ekki einfalt gáleysi til þess að hluthafar verði bótaskyldir, heldur verður að vera um stórfellt gáleysi að ræða. En hagsmunir einstakra hluthafa og hlutafélagsins geta verið svo tvinnuð að eðlilegt hljóti að líta svo á að hluthafarnir beri persónulega ábyrgð.⁴² Munur er síðan gerður á því, hvort um stóran hluthafa er að ræða sem hefur yfirburðastöðu og ætti að vita að um misnotkun er að ræða, eða hluthafa í minnihluta sem hefur litlar upplýsingar.⁴³

Hrd. 292/2003 Þrotabú TL ehf. leitaði eftir skaðabótum úr hendi TV ehf. og H hf. þar sem eignir TL voru ekki lengur til staðar, þegar bú þess var tekið til gjaldþrotaskipta. TL og H voru í eigu TV sem var móðurfélag beggja sbr. 1 mgr. 2. gr. laga nr. 138/1994. Talið var að eignum TL hefði verið ráðstafað til TV og H. Voru engin lagaskilyrði fyrir því að TV gæti tekið þessar eignir. Var TV því skaðabótaskyldt gagnvart þrotabúi TL skv. 2. mgr. 108. gr. laga nr. 138/1994. Virtist því sem gögn málsins sýndu að allir þræðir væru á sömu hendi og að bæði TV og H hefðu haft yfirráð yfir TL. Var talið að 3. mgr. 2. gr. hfl. næði yfir H sem móðurfélag TL. TV og H hefðu því í sameiningu komið því þannig að eignir dótturfélags þeirra myndu ganga til H. Var H því skaðabótaskyldt gangvart þrotabúi TL og TV og H óskipt dæmt til greiðslu skaðabóta.

⁴² Stefán Már Stefánsson. (2003). Bls. 411-426

⁴³ Lagastofnun Háskóla Íslands. Bls. 77



Enn sem komið er hefur ekki fallið dómur vegna greinar 95. a. hfl. og því ekki verið leitt í ljós hvernig niðurstaða myndi verða í slíkum dómi. En eins og segir í frumvarpinu sem fylgdi þeirri grein, þá er það hugsað til aukinnar verndar fyrir minnihlutann og kemur til vegna dóma sem féllu og hafa verið reifaðir hér á undan. En því má velta upp, hvort þeir sem gerðu samninginn í þeim dómum, hefðu ekki verið dæmdir brotlegir hvað varðaði 95. gr. a hfl. hefði sú regla verið komin inn í hfl. og því bótaskyldir skv. 134. gr. hfl.

Reglur um skaðabótakröfu minnihlutahluthafa í nafni félags er að finna í 2. mgr. 135. gr. hfl.⁴⁴ Segir þar, að hafi hluthafafundur samþykkt ábyrgðarleysi manns eða fellt tillögur um að beita fébótaábyrgð, geti hluthafahópar, sem ráði minnst 1/10 heildarhlutafé félagsins, gert skaðabótakröfuna vegna félagsins eða í nafni þess. Þrátt fyrir að því fylgi réttarfarshagræði að ákveðinn hópur hluthafa geti höfðað mál í nafni félagsins, er reglan í raun takmörkuð vernd minnihlutans. Myndu minnihluthafar sem ráða yfir 1/10 hlutafjárins samt sennilega telja að betra væri að gera skaðabótakröfu í eigin nafni. Myndu skaðabætur í slíku máli renna til félagsins en ekki til málshefjanda.

Í hfl. er grein þar sem hluthafar og stjórnendur félags geta höfðað mál til ógildingar ákvörðunar hluthafafundar sem hefur verið tekinn með ólögætum hætti, eða brýtur í bága við hfl. eða samþykktir félagsins sbr. 96. gr. hfl.⁴⁵ Höfði þeir sem undir þessa grein falla ekki mál, stendur ákvörðunin óhöggud. Kemur fram í 2. mgr. greinarinnar að mál skuli höfða innan þriggja mánaða frá því ákvörðun var tekin, ella teljist hún gild. Það á samt ekki við þegar ákvörðun sem tekin er reynist ólögleg, jafnvel þó samþykki allra hluthafa sé til staðar. Sama á við þegar krafist er samþykkis allra eða tiltekinna hluthafa til þess að ákvörðun öðlist gildi og slíkt samþykki hefur ekki verið fengið.

Er þá spurning hvort þessi grein yrði ekki sú sem skoðuð væri við brot á 95. gr. a. hfl., þar sem segir að samningur sem nemi að raunvirði minnst 1/10 hlutafjárins á undirritunartíma bindi ekki félagið nema með samþykki hluthafafundar. Gæti verið að meirihlutinn myndi koma sínum samningi í gegn, án þess að minnihlutinn fengi rönd við reist. Jafnvel þó síðar kæmi fram að ákvörðunin væri í raun ólögleg þrátt fyrir að fylgt hefði verið formsatriðum og sérfræðiskýrslu hefði verið aflað. Meirihlutinn gæti hugsanlega staðið þannig að málum, að hann myndi samþykkja viðskipti og afla allra gagna eins og til væri ætlast sbr.

⁴⁴ Sbr. 2. mgr. 109. gr. ehfl.

⁴⁵ Sbr. 71. gr. ehfl.



sérfræðiskýrslu, en samningurinn væri samt ólöglegur. Með honum væri verið að mismuna. og verið að afla ákveðnum hluthöfum, ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins. Myndi minnihlutinn telja að um ólöglega ákvörðun væri að ræða, þrátt fyrir hvernig staðið væri að málum, gæti hann sennilega höfðað mál fyrir dómstólum sbr. 96. gr. hfl. Hver niðurstaðan í slíku dómsmáli yrði, er óvíst, þar sem öllum formsatriðum meirihlutans hefði verið fullnægt þó ákvörðunin sem var tekin hefði í raun verið ógild, þar sem hallaði á hlut minnihluthafanna. Kæmist dómstóllinn að því, að ákvörðun hluthafafundar reyndist ógild, myndi það þýða að ákvörðunin sem var tekin væri gerð ómerk eða henni breytt sbr. 4. mgr. 96. gr. hfl. En einungis væri hægt að gera breytingu á ákvörðun hluthafafundar, ef það væri á færi dómsins að ákveða hvers efnis ákvörðunin ætti réttilega að vera. Niðurstaða dómsins er bindandi, og einnig fyrir þá hluthafa sem ekki stóðu að málshöfðuninni. Segir í 102. gr. hfl.⁴⁶ að greiðsla sem hafi farið til hluthafa andstætt ákvæðum hfl., skuli endurgreidd með vöxtum. Komi síðan í ljós að hluthafinn getur ekki greitt til baka, skuli þeir sem áttu þátt í ákvörðuninni um greiðsluna bera ábyrgð eftir 134. gr. – 136. gr. hfl.

7. Norsk lög um hlutafélög nr. 45/1997 (allmennaksjelovent)

Í áðurnefndri skýrslu Lagastofnunar Háskóla Íslands um minnihlutavernd í hlutafélögum og einkahlutafélögum, voru borin saman ákvæði minnihlutaverndar á Íslandi og í annarri norrænni löggjöf. Skyldi athuga hvort ákvæði úr norræna réttinum, gæti verið til bóta fyrir íslenska löggjöf á þann hátt, að það myndi styrkja minnihlutaverndina í hfl. Ekki var alltaf metið sem svo að sérstök þörf væri á úrbótum, því ákvæðin eru oft sambærileg. Kom fram í skýrslunni að hlutafélagalögin⁴⁷ í Noregi væru einu hlutafélagalögin á Norðurlöndunum sem innihalda ákvæði um viðskipti við tengda aðila. Er það hugsað sem viðbót við þær reglur sem gilda um viðtöku félags, við endurgjaldi í öðru en peningum, þegar um stofnun hlutafélags og hlutafjárhækkun er að ræða. Verndar ákvæðið hluthafa og lánadrottna gegn því að aðrir hluthafar grípi til ótilhlýðilegra ráðstafana á kostnað félagsins. Er þetta ákvæði að finna í 8. gr. 3. k. norsku hfl. og segir þar í 1. mgr., að samningur félags við hluthafa, móðurfélag hluthafa, stjórnarmann eða framkvæmdastjóra að raunvirði meira en 1/20 hlutafjárins á þeim tíma sem hann fer fram, sé ekki bindandi fyrir félagið, nema að fengnu samþykki hluthafafundar. Undantekningar hvað þetta varðar eru taldar upp í fjórum tl. í sömu

⁴⁶ Sbr. 77. gr. ehfl.

⁴⁷ Hér eftir nefnt norsku hfl.



málgrein. Ákvæði 2. mgr. 8. gr. 3. k. norsku hfl. fjallar síðan um, að ef samningur falli undir greinina þurfi félagsstjórnin að láta útbúa sérfræðiskýrslu. Þar kæmi fram yfirlýsing um að það væri sambærilegt að virði, annars vegar það gjald sem félagið myndi borga og hins vegar það endurgjald sem félagið myndi taka á móti. Ákvæði um ógildan samning og greiðslur sem myndu ganga til baka komi í ljós að samningurinn sé ekki bindandi fyrir félagið, er að finna í 3. mgr. 8. gr. 3. k. norsku hfl. Viðskipti við tengda og eða nákomna aðila er í 4. mgr. sömu greinar.

Einnig sagði í skýrslunni, að setning á móta reglu og er í 8. grein 3. k. norsku hfl. feli ekki í sér byltingu í rekstarumhverfi hlutafélaga. Ekki sé um mikið inngríp að ræða, þar sem ekki sé skylt að afla sérfræðiskýrslu um viðskipti nema ef þau fara yfir ákveðna stærðargráðu.⁴⁸

Í athugasemdum við frumvarp til laga nr. 68/2010 segir að þessi nýja grein 95. a. hfl. eigi sér hliðstæðu í II. kafla hfl. um stofnun hlutafélaga. Segir í 8. gr. hfl. að afli félag annarra fjárhagsverðmæta en greinir í 6. gr. hfl. frá stofnanda eða hluthafa, þurfi samþykki hluthafafundar nemi endurgjaldið a.m.k. 1/10 hlutafjárins. Er efnislega samhljóða ákvæði að finna í norsku hfl. enda eiga ákvæðin bæði rætur að rekja til 1. mgr. 11. gr. annarrar félagaréttartilskipunarinnar (77/91/ EBE). Er greinunum ætlað að tryggja þá hagsmuni hluthafa og lánadrottna, að hlutafé haldist innan félagsins enda séu umræddar ráðstafanir fyrirfram taldar tortryggilegar.

LH-2010-22530 Hluthafi og þáverandi stjórnarmaður í félagi sem fékkst við íbúðabyggingar, fékk endurgreidda fyrirframgreiðslu sem hann hafði greitt til félagsins vegna kaupa á íbúð af félaginu. Var félagið á þeim tímapunkti í raun gjaldþrota. Fyrirframgreiðslan fór ekki inn á biðreikning vegna fasteignakaupanna heldur inn á reikning félagsins sem hafði umsjón með verkefninu. Hafði það fyrirtæki ekki haft tök á að borga út laun til starfsmanna sinna og notaði fyrirframgreiðsluna sem kom inn á reikning félagsins til þess. Fyrirframgreiðslan fékkst greidd út og var millifærð inn á biðreikninginn eftir að fyrirtækið hafði fengið inn fjármuni í kjölfar endurfjármögnunar. Þrotabúið tók þann kostinn að ganga ekki inn í samninginn um íbúðakaupin. Lagmannsretten (á milli héraðsdóms og Hæstaréttar) komst að þeirri niðurstöðu að skilyrði til afturköllunar á fyrirframgreiðslunni skv. 8. gr. 3. k. norsku hfl. hafi ekki verið uppfyllt. Aftur á móti myndi ákvörðunin falla undir 4. t. 8. gr. 3. k. sömu laga sem er um samninga sem gerðir eru í tengslum við venjulegan rekstur félags og hafa að geyma verð og aðra skilmála sem eðlilegt sé í slíkum samningum. Var því ekki um endurgreiðslu að ræða á grundvelli 3. mgr. 8. gr. 3. kafla norsku hfl.

⁴⁸ Lagastofnun Háskóla Ísland. Bls. 50



LA- 2006-38534 Helsta atriðið í þessu dómsmáli voru tveir leigusamningar milli tveggja félaga sem báðir voru dæmdir ógildir. Annar var ógildur vegna brots á 8. gr. 3. k. norsku hfl. þar sem hann var ekki lagður fyrir hluthafafund til samþykktar og ekki var fallist á þau rök að félagið hefði fyrirgert rétti sínum með afskiptaleysi. Hinn var einnig dæmdur ógildur og var það að hluta til byggt á 8. gr. 3. k. norsku hfl. vegna ógildrar stjórnarákvörðunar.

Fleiri ákvæði en þegar eru talin upp, eru sambærileg við ákvæði í norsku hfl. Er jafnræðisreglan í 20. gr. hfl. sem stundum er nefnd grundvallarreglan í félagarétti, nánast eins þar sem segir að allir hlutir í félagi hafi jafnan rétt. Jafnræðisregluna í norsku hfl. er að finna í 1. mgr. 4. k. Ekki er samt skylda skv. norsku greininni að setja í samþykktir félags sérstakt ákvæði um rétt til áskriftar af nýju hlutafé, sem hluthafar hafa við hækkun hlutafjár í íslenskum rétti. Gengur því norska ákvæðið aðeins skemur en það íslenska. Meginregluna um minnihlutavernd sem er að finna í 95. gr. hfl. er einnig að finna í 21. gr. 5. kafla norsku hfl. Er í íslensku hfl. talað um ótilhlýðilega hagsmuni á meðan í norsku hfl. er talað um óhóflega hagsmuni (n. urimelig). Þó um mismunandi blæbrigði sé að ræða ætti krafan sem ákvæðið gerir til hluthafafundarins að vera sú sama. Var lögfestingin á reglunni hugsuð á svipaðan hátt á Íslandi og í Noregi, að verið væri að lögfesta óskráða meginreglu félagaréttarins.⁴⁹

7.1 Skaðabótaábyrgð í norsku hfl.

Sautjándi kafli norsku hfl. fjallar um skaðabætur o.fl. Segir í 1. gr. kaflans að félagið, hluthafar og aðrir, geti krafist framkvæmdastjóra, stjórnarmann, starfsmann fulltrúaráðs, óháðan sérfræðing, rannsóknarmann eða hluthafa um skaðabætur, vegna tjóns sem þeir hafa valdið af ásetningi eða gáleysi. Er það sambærilegt ákvæði 134. gr. hfl. Það sem skilur á milli þess norska og íslenska, er að í íslensku hfl. er hluthafi einungis ábyrgður fyrir tjóni sem hann veldur af ásetningi eða gáleysi, og felur í sér brot á lögum eða samþykktum félagsins. En í norsku hfl. er ábyrgðin ríkari, því þar þarf hluthafinn hvorki að hafa brotið gegn hlutafélaglögnum eða samþykktum félagsins, til þess að láta reyna á skaðabótareglur norska félagaréttarins. Þá er ekki gerður munur á því í norsku hfl. hvort um er að ræða forráðamann félagsins eða hluthafa, gáleysi beggja leiðir til ábyrgðar. Aftur á móti er gerður munur þar á í hfl. og verður hluthafi að hafa valdið tjóni af stórfelldu gáleysi eða ásetningi, á meðan forráðamönnum félagsins er nóg að valda tjóni af ásetningi eða gáleysi til þess að það leiði til ábyrgðar.⁵⁰

⁴⁹ Lagastofnun Háskóla Íslands. Bls. 11-16

⁵⁰ Lagastofnun Háskóla Íslands. Bls. 73-80



Reglur um skaðabótakröfu minnihluta hluthafa í nafni félags er einnig að finna í norsku hfl. en er norska ákvæðið heldur víðtækara en það íslenska. Segir í 1. mgr. 4. gr. 17. k. norsku hfl. að séu hluthafar fleiri en 100, geti hluthafar sem til samans séu 10% hópsins eða meira, gert bótakröfuna. Eins er í lagi að einhver dragi sig úr hópnum á meðan krafan er í gangi og jafnvel selji sinn hluta. En í 2. mgr. 135. gr. hfl. segir að hluthafahópar sem ráði yfir minnst 1/10 heildarhlutafé félagsins geti gert skaðabótakröfu vegna félagsins og í nafni þess.

8. Niðurstöður

Á síðustu árum hefur umræðan um minnihlutavernd aukist og þá gjarnan í tengslum við stjórnarhætti í fyrirtækjum. Minnihlutaverndin hefur samt verið til staðar í hlutafélaglögnum frá árinu 1921 er löggin voru fyrst sett, þó lögfesting hennar hafi ekki verið fyrir en árið 1978 Hlutafélagalöggjöfin hefur sbr. 95. gr. hfl. reynt að veita minnihlutanum vernd gegn ráðstöfunum meirihlutans, sem eru til þess fallnar að að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum, ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins. Varð þessi regla til við norræna samvinnu á sviði félagaréttar á áttunda áratugnum og lögfest á öllum Norðurlöndunum.

Ný lög nr. 68/2010 um breytingu á lögum um hlutafélag, lögum um einkahlutafélög og lögum um ársreikninga (minnihlutavernd o.fl) voru sett í kjölfar ítarlegrar skýrslu sem Lagastofnun Háskóla Íslands gerði árið 2009, um minnihlutavernd í hlutafélögum og einkahlutafélögum, að beiðni viðskiptaráðherra. Í þeirri skýrslu var gerður samanburður á hlutafélagalöggjöfinni á Íslandi og í Norrænum rétti með tilliti til minnihlutaverndar. Var skoðað hvort einhver ákvæði gætu verið til bóta fyrir hfl. og leitt til aukinnar minnihlutaverndar á Íslandi. Var í sumum tilvikum ekki metið að sérstök þörf væri til úrbóta. Með setningu þessara nýju laga nr. 68/2010 kom inn ný grein í tengslum við minnihluta verndina, 95. gr. a. og er hún hugsuð sem viðbót við þær reglur sem gilda um viðtöku félags við endurgjaldi í öðru en peningum, þegar um stofnun hlutafélags og hlutafjárhækkun er að ræða. Segir í ákvæðinu að samningur milli félagsins og ákv. aðila sem taldir eru upp í 1. mgr. greinarinnar, bindi ekki félagið nema að fengnu samþykki hluthafafundar, nemi samningurinn sé að raunvirði minnst 1/10 hlutafjár félagsins á þeim tíma sem hann er gerður. Var sambærileg grein lögfest í norsku hfl. með lögum nr. 15/2006. Það sem ýtti undir að hún yrði lögfest á Íslandi, var að þrengja þurfti ákvæði varðandi sölu og kaup á eigin hlutum. Var það gert með vísun til **Hrd. 228/2009** annars vegar, þar sem reis ágreiningur vegna kaupa Glitnis á eigin bréfum og hins vegar vegna sölu Straums-Burðaráss á eigin bréfum, sbr. **Hrd. 350/2009**.



Flestar ákvarðanir í hlutafélagi eru meirihlutaákvarðanir, en sumar þeirra þarf nú að bera undir hluthafafund til þess að þær verði samþykktar og tengist það þá aukinni vernd fyrir minnihluta hluthafa. Með tilkomu 95. gr. a. hfl. sem var styrking fyrir þá minnihlutavernd sem var til staðar, þarf að bera undir félagafund alla samninga milli félagsins og fyrirmanna þess, séu þeir að raunvirði minnst 1/10 hlutafjárins á undirritunartíma hans. Hafi það ekki verið gert, er samningurinn ógildur og greiðslur ganga til baka. Ennfremur er félagsstjórn skylt að afla sérfræðiskýrslu. Þarf hún að innihalda yfirlýsingu þess efnis að samræmi sé á milli greiðslu félagsins og þess endurgjalds sem félagið fær. Sama form gildir um samninga sem gerðir eru við nákomna og eða tengda aðila. Er þessari nýlegu grein ætlað að vernda hluthafa og lánadrottna gegn því að aðrir hluthafar grípi til ótilhlýðilegra ráðstafana á kostnað félagsins eða annarra hluthafa.

9. Lokaorð

Í 1. mgr. 74. gr. Stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, segir að allir menn eigi rétt á því að stofna félag í sérhverjum löglegum tilgangi, þar með talin stjórnmalafélög og stéttarfélög án þess að sækja um leyfi til þess.

Hlutafélög eru skipulagsbundin félög, þar sem félagsmenn hafa með óafturkræfum hætti innt af hendi tiltekið stofnfé (hlutafé) sem skiptist í hluti, og enginn félagsmanna ber á grundvelli hlutafjäreignar, persónulega ábyrgð á heildarskuldbindingum félagsins umfram þá fjárhæð sem hann hefur innt af hendi fyrir sinn hlut.

Við hrun íslensks fjármáلالífs haustið 2008, varð hlutafélagiformið gagnrýnt mjög og ákvæðið um minnihlutaverndina mikið rætt. Leiddi það til skýrslu Lagastofnunar Háskóla Íslands um minnihlutavernd haustið 2009. Var þar borin saman minnihlutavernd í hlutafélagaréttinum á Íslandi og í norrænum rétti. Hefur löggjöfin á Íslandi löngum verið byggð á norrænni löggjöf og oft er hún búin að vera lögfest lengi í nágrannalöndunum áður en hún er lögfest á Íslandi. Löggjafinn hefur þó reynt að standa vörð um að minnihlutaverndin í hfl. sé í takti við það sem er í norrænum rétti, því eins og staðan er í dag er orðið erfitt fyrir meirihluta hluthafa að misnota stöðu sína, þar sem fleiri reglur eru komnar inn í löggjöfina til verndar minnihlutanum.

Minnihlutavernd hefur verið inni í hlutafélagalögum frá upphafi þó hún hafi ekki verið lögfest fyrr en árið 1978. Nýjasta ákvæðið til verndar minnihlutanum 95. gr. a. kom nýtt inn í hfl. með lögum nr. 68/2010 og er það tekið beint frá Noregi. Kom það ákvæði inn í norsku



hfl. árið 2006, eða tveimur árum fyrir hrun. Má velta því fyrir sér, að ef það hefði verið komið inn í hfl. á sama tíma á Íslandi og í Noregi, hvort dómur sem kvaddir voru upp í tengslum við hrúnið og bankana hefðu fengið aðrar niðurstöður. Hvort yfirhöfuð hefði þurft að fara með sum mál fyrir dóm, eða þá þau sem hefðu þangað farið, hefðu verið dæmd ógild þar sem þau hefðu ekki farið í gegnum ferlið sem er í ákvæði 1. mgr. 95. gr. a. Einnig er þá hægt að spyrja sig hvort það ákvæði sé í raun skothelt. Sennilega er alltaf hægt að finna meirihluta í öllum málum þannig að ákvörðun sem kjósa skal um á hluthafafundi, fari í gegn þrátt fyrir að minnihluti hluthafa sé því ekki sammála. Jafnvel gæti meirihlutinn hafa aflað sérfræðiskýrslu, og þannig farið eftir öllum þeim formsatriðum sem beðið er um í 95. gr. a. hfl., en samt verið að afla ákveðnum hluthöfum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa. Það er þá minnihluta hluthafanna að fara með málið fyrir dóm, til að fá ákvörðunina dæmda ógilda. Myndu þeir ekki gera það, gæti meirihlutinn komist upp með ákvörðun sem er í raun ógild, ef á hana væri reynt fyrir dómi. Hvort dómurinn myndi síðan dæma ákvörðunina gilda, þar sem öllum formsatriðum hafi verið fullnægt er ekki hægt að segja. En með því að innleiða þetta nýja ákvæði 95. gr. a hfl. er verið að reyna að auka vernd minnihluthafa og má segja að reglan hafi styrkt þá minnihlutavernd sem þegar var til staðar, en eflaust er samt hægt að fara í kringum ákvæðið ef viljinn er fyrir hendi, en ekki hefur reynt á það ennþá fyrir dómstólum.



10. Heimildaskrá

Aðalsteinn E. Jónsson. (2009) *Viðskipti með fjármálagerninga*. Reykjavík. Bókaútgáfan CODEX

Alþingistíðindi

Árni Harðarson. (1994). Skaðabótaábyrgð stjórnenda hlutafélaga. *Úlfljótur*, 47, (3), bls. 279

Birgir Örn Guðmundsson. (2001). Skaðabótaábyrgð stjórnenda hlutafélaga gagnvart félaginu sjálfu . *Úlfljótur*, 54, (4), bls. 537

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið (2004). *Íslenskt viðskiptaumhverfi – nefndarálit*. Reykjavík.

Lagastofnun Háskóla Íslands (2009). *Skýrsla Lagastofnunar um minnihlutavernd í hlutafélögum og einkahlutafélögum*. Reykjavík.

Rannsóknarnefnd Alþingis. (2010). *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. (2.bindi). Reykjavík. Rannsóknarnefnd Alþingis samkvæmt lögum nr. 142/2008 um rannsókn aðdraganda og orsök falls íslensku bankanna og tengdra atburða.

Stefán Már Stefánsson. (2003). *Hlutafélög, einkahlutafélög og fjármálamarkaðir*. Reykjavík. Hið íslenska bókmenntafélag.

Þorkell Sigurlaugsson. (2009). *Ný framtíðarsýn. Nýir stjórnarhættir við endurreisn efnahagslífsins*. Reykjavík. Bókafélagið Ugly.



11. Lagaskrá

Lög nr. 2/1995 um hlutafélög

Lög nr. 108/2007 um verðbréfiðskipti

Lög nr. 50/1988 um virðisaukaskatt

Lög nr. 90/2003 um tekjuskatt.

Lög nr. 68/2010 um breytingu á lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög og lögum um ársreikninga (minnihlutavernd o.fl)

Brottfallin lög

Lög nr. 32/1978 um hlutafélög

Norsk lög

Lov nr. 45/1997 Om allmennaksjeselskaper (allmennaksjeloven).

12. Dómaskrá

Hæstaréttardómur í máli 5/1978

Hæstaréttardómur í máli 256/2001

Hæstaréttardómur í máli 103/2002

Hæstaréttardómur í máli 292/2003

Hæstaréttardómur í máli 228/2009

Hæstaréttardómur í máli 350/2009

